



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1648

Miðvikudagur 12. apríl / kl. 20 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** 15. stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Jónas Egilsson.
Pátttakendur: Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettaneftndar, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi: Huguína Elvarsdóttir ritari.

Fundur settur kl. 20:00.

Fundardagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Fulltrúar SKÍ á 76. þing ÍSÍ, Hafnarfirði, 5.-6. maí 2023
3. Lowlander verkefnið
4. Mótun tillagna í afreksmálum næsta tímabil (uppf. fjárhagsáætl.)
5. Önnur mál
 - a. Bréf ÍSÍ vegna lagabreytinga SKÍ, dags. 23. febr. 2023
 - b. IBU fræðslumál
 - c. Samningur við Höld

Fundargerð:

1. **Starfsmannamál**
Formanni falið að ræða við afreksstjóra um starfslok hans hjá sambandinu. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða möguleika á ráðningu nýs starfsmanns að höfðu samráði við stjórnarmenn.
2. **Fulltrúar SKÍ á 76. þing ÍSÍ, Hafnarfirði, 5.-6. maí 2023**
Sambandið á þrjá fulltrúa á þingið, en formaður og framkvæmdastjóri verða á FIS þingi á sama tíma. Formanni falið að skoða málið betur og gera tillögur um fulltrúa sambandsins.

3. Lowlander verkefnið

Farið yfir stöðu málsins. Fundur á morgun, fimmtudaginn 13. apríl, með starfsmanni og gjaldkera verkefnisins. Samþykkt að þeir Gísli Reynisson gjaldkeri og Sigurður Nikulásason formaður alpagreina fundinn sitji fundinn auk framkvæmdastjóra.

4. Mótun tillagna í afreksmálum næsta tímabil

Lögð fram drög að kostnaðarskiptingu fyrir næsta ár, yfirlit kostnaðar 2021 og áætlun fyrir 2023. Framkvæmdastjóra falið í samráði við formenn nefnda að koma með tillögur til stjórnar um skiptingu kostnaðar og áætlun um verkefni ársins.

5. Önnur mál

- a. Bréf ÍSÍ vegna lagabreytinga SKÍ, dags. 23. febr. 2023. Erindið lagt fram.
- b. IBU fræðslumál. Lagt fram minnisblað frá Ingólfi Hannessyni frá fundi IBU 23. mars sl. Þar kemur fram m.a. fræðslu- og útbreiðslustefna og styrkir IBU sem SKÍ getur nýtt sér. Einar og Jónas fylgja þessum málum eftir.
- c. Samningur við Höld. Drög að nýjum samningi við Höld lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd SKÍ.

6. Næsti fundur

Stefnt að næsta fundi í viku 16 – frá 17. til 19. apríl nk.

Fundi slitið kl. 21:58.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð